

Bekkjarnámskrá Íslenska – 4. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennarar: Oliwia Stefania Horodejczuk og Þorbjörg Erna Snorradóttir

Tímafjöldi: 8 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur geti:

- beitt skýrum framburði í tali og tjáð sig fyrir framan aðra með því að lesa og segja frá atburðum.
- valið bækur sjálf eftir áhuga og hæfni og skilið texta með því að nýta góðan orðaforða.
- lesið úr táknmyndum og myndrænu efni ásamt því að afla sér upplýsinga sjálf úr bókum eða á rafrænu formi.
- Skrifað bæði skýrt og rétt texta og sögur með réttri uppbyggingu texta og notað persónu, söguþráð, umhverfi og boðskap.
- gert grein fyrir hlutverki nafnorða (samnöfn og sérnöfn), sagnorða og lýsingarorða.
- þekkt málsgrein, samsett orð, lýsingarorð, sagnorð, nafnorð, kyn og tölu orða og raðað í stafrófsröð.

Námsefni

Lestrabækur við hæfi nemenda.

Lesskilingur: Lesskilningsmappa með verkefnum, Loftur og gullfuglarnir, Bókasafnarinn

Málfræði: Málrækt 1

Ritun: sögubók, ítáluskrift, Blái blýanturinn

Kennsluaðferðir

Innlögn frá kennara. Sjálfstæð vinna og hópavinna ásamt leikjum og spilum.

Námsmat

Lesfimiþróf í september, janúar og maí.

Verkefni út frá hæfniviðmiðum: ljóðaverkefni, frásagnarverkefni, leikræn tjáning, táknmyndir og kort.

Próf í málfræði og sögugerð.

Hæfniviðmið – námsþættir

Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Getur hlustað og horft með athygli á valið efni og greint frá upplifun sinni.
- Getur nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- Getur sagt frá atburði eða fyrirbæri og tjáð sig frammi fyrir hópi og staðið fyrir málinu sínu.

Lestur og lesskilningur

- Getur beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merk-ing texta komist til skila.
- Getur þekkt og beitt einföldum aðferðum við lestur og tilgreint dæmi um ólíkan tilgang lestrar.
- Getur beitt góðum orðaforða við að skilja texta og notað einfaldar aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða.
- Getur skilið augljós efnisatriði valinna texta, greint og lagt mat á inntak þeirra og dregið einfaldar ályktanir.
- Getur valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.

Bókmenntir

- Getur unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Getur beitt einföldum bókmenntahugtökum í umfjöllun um bókmenntir.
- Getur lesið einfalda texta frá fyrri tímum og sett sig í spor persóna og lesenda í fortíðinni.
- Getur áttað sig á grunneinkennum ljóða og unnið með innihald þeirra.

Ritun

- Getur dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lyklaborð.
- Getur búið til setningar og málsgreinar og notað til þess algengar samtengingar.
- Getur sett fram eigin hugmynd í texta, metið og lagfært með eða án hjálpargagna.
- Getur beitt einföldum stafsetningarreglum og einföldum reglum við greinarmerkjasetningu.
- Getur skrifað ólíkar textategundir og skilur að hverjum texta er ætlað ákveðið hlutverk.

Mál og notkun

- Getur beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og með orðaforða og málskilningi sem hæfir aldri.
- Getur áttað sig á sköpunarmætti tungumálsins svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.
- Getur áttað sig á mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Getur leikið sér með margræðni tungumálsins svo sem í gegnum orðtök, einfalda málshætti og föst orðasambönd.
- Getur raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Getur þekkt og rætt ýmis einkenni málsins.

Bekkjarnámskrá Stærðfræði – 4. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennarar: Oliwia Stefania Horodejczuk og Þorbjörg Erna Snorradóttir

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku

Markmið

Markmið 4. bekkjar í stærðfræði er að geta tekið þátt í samræðum um stærðfræði, unnið í hópum, rökstutt niðurstöður sínar og sett þær fram á myndrænan hátt. Nemendur geti notað verkfæri stærðfræðinnar t.d. talnalínu, vasareikni og einföld stærðfræðitákn. Einnig að þeir geti notað náttúrulegar tölur, samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu, nýtt tugakerfishátt og notað einföld brot.

Nemendur geti notað fjölbreyttar lausnarleiðir við verkefni daglegs lífs og geti t.d við það notað hugtök úr rúmfræði og unnið með mælikvarða, lögun, hliðrað og speglað.

Nemendur geti gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð á áhrif þeirra í spilum.

Nemendur þekki verðgildi peninga.

Námsefni

Sproti 4a – nemendabók og æfingahefti.

Sproti 4b – nemendabók og æfingahefti

Aukaefni frá kennara

Kennsluaðferðir

Innlögn, umræður, hópaverkefni, sjálfstæð vinna, spil

Námsmat

Kaflapróf

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag stærðfræðinnar

- Getur notað rétt heiti yfir stærðfræðitákn og nýtt þau rétt við útreikninga.
- Getur unnið, einn og í samvinnu, að lausnum á stærðfræðilegu viðfangsefni með því að kanna, rannsaka og setja fram tilgátur.
- Getur undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.
- Getur tekið þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleyðir.
- Getur nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Getur nýtt aðferðir og leiðir til að leysa þrautir og rökstutt svör sín.

Tölur og reikningar

- Getur raðað náttúrulegum tölum og einföldum brotum eftir stærð.
- Getur notað grunnreikniaðgerðir til að finna lausnir á og takast á við verkefni daglegs lífs og fjármála og skilið verðgildi peninga.
- Getur nýtt sér námundun með heiltölum.
- Getur notað tugakerfisrithátt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun náttúrulegra talna.
- Getur þróað hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með náttúrulegum tölum.
- Getur nýtt sér grunnreikniaðgerðirnar fjórar og reiknað með náttúrulegum tölum.
- Getur unnið með einföld brot og hlutföll með flatarlíkani á talnalínu og á brotastríki.
- Getur notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og lýsa sambandi milli stærða.

Algebra

- Getur kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs.
- Getur reiknað með óþekktum stærðum í einföldum tilvikum.

- Getur búið til einföld reiknirit og tjáð þau með því að nota breytur, skilyrði og lykkjur.
- Getur fundið eina óþekkta stærð í jöfnu með heiltölum og rökstutt lausnir sínar.

Tölfræði og líkindi

- Getur safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið og túlkað á einfaldan hátt.
- Getur talið, flokkað og skráð, lesið og túlkað niðurstöður og sett upp í einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja.
- Getur gert einfaldar tilraunir með líkur og sett í samhengi við spil.
- Getur lesið úr einföldum myndritum.

Rúmfræði og mælingar

- Getur notað hugtök úr rúmfræði til að lýsa hlutum í umhverfi sínu.
- Getur speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum.
- Getur áætlað og mælt ummál og flatarmál með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum.
- Getur lesið og notað mismunandi framsetningu á tíma, notað skífu- og stafræna klukku og lesið tímatöflur.
- Getur borið kennsl á tening, kúlu, keilu, sívalning, píramíða og strendinga.
- Getur notað rúðunet með höfuðáttum í rauntengdu samhengi, teiknað og staðsett punkta í hnitakerfi.
- Getur áætlað og mælt massa, lengd, rúmmál, tíma og hitastig með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum.
- Getur gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.
- Getur valið viðeigandi mælieiningu fyrir lengd, massa og rúmmál og þekkt tengsl á milli algengra mælieininga metrakerfisins innbyrðis.
- Getur rannsakað, gert tilraunir og teikningar á einfaldan hátt, t.d. með því að nota rúmfræðiforrit og hlutbundin gögn.

Bekkjarnámskrá Náttúrugreinar – 4. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Oliwia Stefania Horodejczuk og Þorbjörg Erna Snorradóttir

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Markmið

Markmið 4. bekkjar í náttúrufræði er að geta unnið í hópum, tekið frumkvæði við öflun upplýsinga þegar tiltekið málefni er skoðað frá ýmsum sjónarhornum og geta greint á milli sjónarhornanna. Miðlað í máli og myndum hugmyndum, geta hlustað og rætt hugmyndir annarra. Einnig að geta aflað sér upplýsinga um náttúruna og notað til þess ólíkar heimildir.

Nemendur geti gert sér grein fyrir samspili náttúrunnar og manns og sýnt náttúrunni alúð.

Nemendur geti sagt frá því hvernig Ísland myndast, tekur breytingum eftir árstíðum og hver áhrif þessara breytinga eru á lífsskilyrði fólks og að nemendur viti hver áhrif sólarljóss eru.

Nemendur geti greint á milli algengustu orkugjafa á Íslandi og geti sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi t.d. eldgosum og jarðskjálftum og hvar þessar náttúruhamfarir kunna að verða.

Námsefni

Grænu skrefin

Komdu og skoðaðu

Halló heimur 3

Aukaverkefni frá kennara

Náttúran allan ársins hring

Kennsluaðferðir

Hópa og einstaklingsvinna, útikennsla, sjálfstæð vinna, umræður

Námsmat

Hópverkefni – búa til eldfjall

Umræðutímar

Hópverkefni , himingeimurinn samþætting við stærðfræði.

Áhugi, virkni, frumkvæði

Hæfniviðmið – námsþættir

Vinnulag náttúruvísinda

- Getur framkvæmt einfaldar athuganir og skráð mælingar á hversdagslegum hlutum samkvæmt leiðbeiningum.
- Getur sett fram spurningar, leitað svara um náttúruleg fyrirbæri og útskýrt valið viðfangsefni.
- Getur rætt hvort tiltekið atriði í samræðu eða texta sé staðreynd eða skoðun í tengslum við náttúruvísindi.
- Getur notað einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu.
- Getur kynnt niðurstöður einfaldra athugana og tekið þátt í umræðu um efnið.
- Getur lesið einfaldan náttúruvísindatexta og endursagt helstu atriði með eigin orðum, skoðað einfaldar myndir og sagt frá efninu.

Umhverfið

- Getur sagt frá og áttað sig á náttúruvernd í nærumhverfi sínu.
- Getur gert sér grein fyrir nokkrum einkennum veðurfars í nærumhverfi.
- Getur skoðað og kannað helstu vistkerfi í nærumhverfi sínu.
- Getur nefnt dæmi um samspil lífvera og lífvana þátta.
- Getur tekið þátt í umræðu um hvernig maðurinn nýtir náttúruna.

- Getur gengið vel um umhverfið og átti sig á mikilvægi þess.
- Getur komið með hugmyndir að aðgerðum sem tengjast náttúruvernd og tekið þátt í verkefnum í nærumhverfi sínu.

Lífið

- Getur rætt um helstu einkenni lífvera og lífsskilyrði þeirra.
- Getur lýst helstu einkennum valinna dýra.
- Getur lýst byggingu og starfsemi mannslíkamans á einfaldan hátt.
- Getur tjáð sig á einfaldan hátt um einkastaði líkamans og borið virðingu fyrir þeim.
- Getur gert sér grein fyrir tilvist örvera í umhverfinu sem geta ýmist verið gagnlegar eða skaðlegar.
- Getur lýst ytri byggingu á helstu hlutum plantna.
- Getur gert sér grein fyrir fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda.
- Getur rætt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu, hvíldar og svefns.
- Getur áttað sig á að lífverur hafa tekið breytingum frá upphafi lífs á jörðu.
- Getur lýst ytri byggingu á helstu hlutum sveppa.
- Getur sagt frá eigin upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.
- Getur gert sér grein fyrir að allar lífverur eru gerðar úr frumum.

Efnin

- Getur þekkt og flokkað algeng efni og lýst helstu eiginleikum þeirra.
- Getur með athugun sýnt fram á að efni geta skipt um form og breyst en hverfa ekki.
- Getur bent á algengustu frumefni og efnasambönd.
- Getur framkvæmt og útskýrt einfaldar tilraunir um efnabreytingar og hamskipti.
- Getur þekkt dæmi um hættuleg efni á heimilinu.

- Getur rannsakað leysni algengra efna á heimilinu.
- Getur áttað sig á að efni hafa massa og stærð.

Orkan

- Getur útskýrt muninn á heitu og köldu með einföldum tilraunum.
- Getur framkvæmt og fjallað um athuganir sem tengjast algengustu orkuformum í umhverfi sínu.
- Getur sagt frá þróun algengra rafmagnstækja.
- Getur framkvæmt og fjallað um athuganir sem tengjast kröftum sem birtast í daglegu lífi.
- Getur nefnt dæmi um uppruna orku og tekið þátt í umræðu um orkusparnað.
- Getur skoðað hljóð og ljós og lýst einföldum eiginleikum þeirra.
- Getur kannað eiginleika segla.
- Getur framkvæmt og fjallað um athuganir á sýnilegum bylgjum.

Alheimurinn

- Getur nefnt dæmi um náttúruhamfarir sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð.
- Getur fjallað um helstu hnetti í sólkerfinu.
- Getur gert grein fyrir ástæðum dægraskipta.
- Getur nefnt dæmi um hvernig land verður til og mótast.
- Getur útskýrt hvernig ákveðin tæki og búnaður geta hjálpað manninum að afla upplýsinga og hafa áhrif á heiminn.
- Getur fjallað um hvaða hlutverki lofthjúpurinn gegnir fyrir líf á jörðinni.
- Getur bent á hvernig tunglið tekur breytingum yfir mánuðinn.
- Getur gert sér grein fyrir að flestar stjörnur á himninum eru sólar í öðrum sólkerfum.

Bekkjarnámskrá Samfélagsgreinar – 4. bekkur Skólaárið 2025-2026



Kennarar: Oliwia Stefania Horodejczuk og Þorbjörg Erna Snorradóttir

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Markmið

Markmið 4.bekkjar í samfélagsfræði er að læra:

- um sögu mannkyns og íslenska þjóðhætti; svo sem stöðu Íslands í heiminum og menningarmun á milli landa
- um trú og lífsviðhorf og hvaða áhrif það hefur á samfélagið
- um gildi jafnréttis, geta sýnt virðingu, tillitsemi og átta sig á afleiðingum athafna sinna
- að taka þátt í umræðum um samfélagið, virða reglur og sýna umhyggju í leik og starfi
- að setja sér markmið

Kynbundið ofbeldi

- Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.
- Áherslur 4. bekkjar eru fjölskyldur, vinátta, samskipti, synjun og samningafærni, kyn og æxlunarfæri, örugg notkun upplýsinga og venjur og áhrif jafningja.

Unicef

- Haustönn vinnum við verkefnið Bekkjarsjáttamáli
- Á vorönn vinnum við verkefnið *Í uppgvötvunarferð*

Námsefni

Komdu og skoðaðu

Halló Heimur 3

Myndbönd og aukaefni

Krakkafréttir

Barnasáttmálibók

Trúabrögðin mín

Spor 4

Kennsluaðferðir

Innlögn frá kennara, sjálfstæð vinna og hópavinna, umræðutímar (bekkjarfundir), leikir

Námsmat

Hópverkefni

Umræðutímar/Bekkjarfundir (hæfniviðmið)

Markmiða-verkefni

Verkefni um trú og lífsviðhorf

Paraverkefni um Ísland

Hæfniviðmið – námsþættir**Vinnulag samfélagsgreina**

- Getur rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi.
- Getur tekið þátt í samstarfi og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópi og innan fjölskyldunnar.
- Getur sett sig í spor jafnaldra og fjölskyldumeðlima.

- Getur miðlað þekkingu sinni og skoðunum tengdum samfélaginu.
- Getur greint upplýsingar og ólíkar skoðanir úr völdum heimildum og myndað sér eigin skoðanir.

Sjálfsmynd

- Getur sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af uppruna, búsetu, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Getur sýnt sjálfum sér og öðrum virðingu og sagt frá því hvernig það er hægt.
- Getur fjallað um ólíka einstaklinga og hópa í skóla- og nærsamfélaginu.
- Getur áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og borið virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og siðum.
- Getur áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- Getur áttað sig á mikilvægi jákvæðra viðhorfa fyrir sjálfan sig.
- Getur bent á dæmi um fjölbreytni kynhlutverka og áhrif þeirra á sjálfsmyndina.
- Getur áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, tilhlökkun, sorg og reiði.
- Getur gert sér og öðrum grein fyrir hvar eigin styrkur og áhugi liggur.

Siðferði og trú

- Getur rætt um réttindi sín og skyldur og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Getur varast hættur á heimili sínu, í umferðinni og nærumhverfi.
- Getur áttað sig á að hver einstaklingur er hluti af stærra samfélagi.
- Getur sagt frá umferðarreglum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og farið eftir þeim.
- Getur sagt frá nokkrum stofnunum samfélagsins.
- Getur rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra og tekið þátt í samfélagsmálum.

- Getur velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni.
- Getur sýnt þekkingu á reglum í samskiptum og útskýrt tilgang þeirra.
- Getur bent á dæmi um lýðræðislega þætti í skóla- og nærumhverfi.
- Getur sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.
- Getur áttað sig á mikilvægi samhjálpur í samfélaginu.
- Getur áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.

Samfélag, saga og náttúra

- Getur uppgötvað og nefnt dæmi um einkenni og sögu heimabyggðar.
- Getur fjallað um atburði í sögunni í tengslum við samtímann.
- Getur gert sér grein fyrir mikilvægi sínu í umgengni um og vernd náttúrunnar.
- Getur nefnt dæmi um ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks.
- Getur nefnt dæmi um hvernig athafnir okkar hafa afleiðingar til framtíðar.
- Getur aflað sér upplýsinga um samfélagið úr völdum textum, hljóð- og myndefni og sagt frá efninu.
- Getur áttað sig á mikilvægi næringar, hvíldar, svefns, hreyfingar og hreinlætis.
- Getur komið auga á þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.
- Getur nefnt dæmi um sögu og einkenni Íslands.
- Getur nefnt dæmi um hvernig maðurinn nýtir náttúruna til að lifa af.
- Getur lýst því hvernig matvæli og föt verða til og hvar þau enda.
- Getur spurt spurninga og tekið þátt í umræðu um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.
- Getur áttað sig á kostnaði við eigin neyslu og muninum á þörfum og löngunum.

- Getur þekkt dæmi um grunnþjónustu í samfélaginu.
- Getur áttað sig á að ólíkar heimildir segja ólíka sögu.
- Getur sagt frá völdum persónum, atburðum og tímabilum í sögunni.
- Getur áttað sig á hlutverki og notagildi landakorta og ratað með hjálp einfaldra korta.
- Getur bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.

Bekkjarnámskrá Enska – 4. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennarar: Oliwia Stefania Horodejczuk og Þorbjörg Erna Snorradóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Nemendur skilji orð sem við notum í kennslustofunni, litina, líkamshluta, veður, tilfinningar, áhugamál og fjölskyldu.

Nemendur geti skilið og skrifað stuttan texta úr bókum, blöðum eða á internetinu.

Lýst sjálfum sér og nánasta umhverfi á ensku.

Námsefni

Yes we can 2 og 3

Kennsluaðferðir

Sjálfstæð vinna og verkefnavinna, hlustun í vinnubók, lestur og glósur

Námsmat

Orðaforðapróf

Hópverkefni: Árstíðaverkefni

Munnlegt próf

Hæfniviðmið – námsþættir

Hlustun og áhorf

- Getur fylgt meginþræði í einföldu efni sem höfðar til barna.
- Getur hlustað eftir einföldum upplýsingum.

Lestur og lesskilningur

- Getur skilið megininntak einfaldra rauntexa með stuðningi ef þarf.
- Getur lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs.

Samskipti

- Getur spurt og svarað á einfaldan hátt.
- Getur tekið þátt í einföldum samræðum í skólastofunni.

Frásögn

- Getur tjáð sig á einfaldan hátt um sjálfan sig.

Ritun

- Getur byggt upp einfaldar setningar, stafsett algeng orð.
- Getur samið stutta texta frá eigin brjósti.

Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

Bekkjarnámskrá Skólaíþróttir – 4. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Birna Björk Þorkelsdóttir, Sindri Kristinn Ólafsson

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Markmið er að örva hreyfiþroska nemenda og efla afkastagetu þeirra. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu. Kenna þeim ábyrgð á eigin heilsu með því að tileinka sér markvissa ástundun, íþrótta eða líkamns og heilsurækt.

Námsefni

Öll almenn áhöld íþróttahúsa.

Kennsluaðferðir

Námið fer að miklu leyti fram í leikjaformi þar sem nemendur virkja hreyfiþörf, efla skynfæri líkamans og styrkja gróf-og fínhyreyfingar. Auk þess er lögð áhersla á grunnatriðið í flestum íþróttagreinum sem og stöðvarþjálfun og útihlaup.

Námsmat

Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemandi fær einkunn sem er síðan reiknuð út úr matsþáttum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Líkamsvitund, færni og afkastageta

- Getur gert æfingar sem reyna á þol í íþróttum.
- Getur gert æfingar sem styrkja hreyfifærni líkamans.
- Getur gert almennar liðleikaæfingar.

- Getur gert hreyfingar sem styðja við samhæfingu hægri og vinstri.
- Getur gert einfaldar rytmískar æfingar.
- Getur tekið þátt í boltaleikjum og sýnt boltafærni.
- Getur tekið þátt í æfingum með áherslu á mótun hreyfifroska.
- Getur tekið þátt í stöðluðum prófum.

Félagslegir þættir

- Getur sýnt virkni og vinnusemi í æfingum og leikjum.
- Getur skilið einfaldar leikreglur og tekið þátt í leikjum.
- Getur skilið mikilvægi leikreglna og farið eftir þeim.
- Getur skilið þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leik.

Heilsa og heilsuefling

- Getur tekið þátt í skipulagðri útivist í náttúrunni og áttað sig á og varast hættur sem fylgt geta.
- Getur tekið þátt í heilsurækt í nærumhverfi.
- Getur gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum eða æfingum.
- Getur tekið þátt í leikjum.
- Getur sett sér einföld markmið í íþróttum.
- Getur sett sér einföld markmið í heilsurækt.
- Getur nýtt sér niðurstöður úr stöðluðum prófum til að vinna að bættri hreyfifærni.
- Þekkt helstu líkamshluta.
- Getur skilið gildi viðeigandi fatnaðar og búnaðar til útivistar og notkunar hans.

- Getur þekkt hvað felst í heilsueflandi líferni.

Öryggi og hreinlæti

- Þekkt til helstu öryggisreglna í skólaíþróttum.
- Getur gert viðvart ef óhapp verður.
- Getur skilið mikilvægi hreinlætis í tengslum allar við íþróttir.

Bekkjarnámskrá Sund – 4. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Birna Björk Þorkelsdóttir og Hjörtur Fjeldsted

Tíma fjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Læra allar helstu sundaðferðir og geti notað þær til líkamsræktar og ánægju.

Námsefni

Öll helstu áhöld sundlauga, sundfit, kork, kútar og fleira.

Kennsluhættir

Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu. Nemendur æfa sig í að synda langsund til að efla þol. Æfingar sem gerðar eru á sundstigsprófum eru æfðar yfir veturinn með endurteknum æfingum.

Námsmat

Frammistöðumat: Virkni nemenda í tímum skráð til bókar.

Verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 4. sundstigi.

Hæfniviðmið – námsþættir

- Getur tekið þátt í fjölbreyttum leikjum í vatni.
- Getur notið sín í vatni.
- Getur bjargað sér í vatni.
- Getur synt 12 metra skriðsund með eða án hjálpartækja.
- Getur gert æfingar sem reyna á loftfirrt þol í 8 metra sundi.

- Getur synt 12 metra bringusund með eða á hjálpartækja.
- Getur synt 12 metra skólabaksund og baksund með eða án hjálpartækja.
- Getur synt 5 metra kafsund viðstöðulaust.
- Getur gert æfingar sem reyna á þol í 100 metra sundi.

Bekkjarnámskrá Upplýsinga- og tæknimennt – 4. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Jovana Dedeic

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Að nemendur geti:

- nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.
- nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.
- nýtt sér upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.
- Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni.
- Beitt undirstöðuatríðum í fingrasetningu
- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.

Námsefni

Ritvinnsla, glærugerð, fingrafimi.

Kennsluaðferðir

Innlögn frá kennara, sjálfstæð vinna, paravinna

Námsmat

Mat á verkefnum í ritvinnslu, glærugerð, fingrafimi.

Hæfniviðmið – námsþættir

Upplýsinga- og miðlalæsi

- Getur leitað að og valið viðeigandi upplýsingar og stafrænt efni. Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði.
- Getur greint muninn á fræðilegu efni og skáldskap.
- Getur þekkt að höfundarréttur gildir um fjölbreytt efni og unnið með heimildir á einfaldan hátt.

Sköpun og miðlun

- Getur nýtt hugbúnað við einfalda netmiðlun.
- Getur nýtt hugbúnað við gerð einfaldra kynninga.
- Getur nýtt hugbúnað við uppsetningu einfaldra ritunarverkefna.
- Getur nýtt hugbúnað við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum.

Stafræn borgaravitund

- Getur beitt góðri líkamsstöðu við notkun stafrænnar tækni og útskýrt muninn á jákvæðum og neikvæðum skjátíma og sagt frá hvernig notkun stafrænna miðla getur haft áhrif á líðan.
- Getur gert sér grein fyrir mikilvægi þess að leita til fullorðinna ef hætta eða áreiti skapast á netinu.
- Getur útskýrt á einfaldan hátt hvað persónuupplýsingar eru og hverju má og má ekki deila í stafrænu umhverfi.
- Getur lýst á einfaldan hátt hugtakinu stafrænt fótspor, skilið hvernig það verður til og hvert sé samspil þess og netnotkunar.
- Getur þekkt hugtakið neteinelti og einfaldar reglur í samskiptum og myndbirtingum á netinu og þekkt leiðir til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti.

Launsaleit

- Getur nefnt dæmi um einfaldan stafrænan stuðning í námi.
- Getur þekkt ýmsan hugbúnað og tæki og nýtt þau til að leysa einfaldar þrautir.

- Getur gert sér grein fyrir því að í sumum hugbúnaði þarf að vista gögn til að varðveita vinnuna.

Bekkjarnámskrá Nýsköpun – 4. bekkur
Skólaárið 2025- 2026



Kennari: Drífa Hjördís Thorstensen

Tímafjöldi: 2 kennslustund á viku (16-17 skipti yfir skólaárið)

Markmið

Viðfangsefni:

- Vísindi - Hvernig virka hlutirnir? (Hreyfiorka, kraftalögmál, rafeindafræði)
- Tækni - Forritun, vélmenni, 3D
- Verkfræði - Setja saman eftir leiðbeiningum (vísindalæsi)
- Hugvit/Hönnun- Frá endurvinnslu til nýsköpunar

Námsefni

Fjölbreytt

Kennsluaðferðir

Þekkingaröflun og hugmyndavinna snýr að undirbúningsvinnu og tækniþjálfun. Nemendur viðá að sér upplýsingum og efni, kanna, rannsaka, prófa, ímynda sér, læra tækni, forma, taka áhættu sem skerpir eigið þor og traust bæði til viðfangsefnisins og eigin hugmynda.

Framkvæmd felur í sér að nemendur beita aðferðum þar sem þeir umbreyta, túlka, flytja, sýna, prófa, forma og framleiða.

Greining felur í sér að nemendur dýpka skilning sinn og upplifun með umræðu, tjáningu og mati. ***Samhengi*** felur í sér að setja ferlið í sögulegt, menningarlegt, persónulegt og félagslegt samhengi.

Frumkvæði, sköpun, nýsköpun, tækni, hugmyndir og hugvit:

- teiknivinna
- 3D hönnunarverkefni

- líkanasmíði
- fumgerðasmíði
- rafrásir
- Uppvinnsla

Æfing - Hugmynd - Hönnun - Framkvæmd

Námsmat

- Þátttaka í tímum
- Nemendur vinna verkefni sem þeir ýmist fá að taka með sér heim og eða vinna á staðnum
- Hæfniviðmið

Hæfniviðmið – námsþættir

Verklag

- Getur framkvæmt nokkrar aðferðir til festinga.
- Getur unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Getur nýtt virkniþætti í smíðisgripum, svo sem vogarafl, gorma og teygjur.
- Getur bent á ýmis tæknifyrbrigði er tengjast daglegur lífi.
- Getur hannað einfaldan hlut í því viðum hugbúnaði.

Menning og umhverfi

- Getur valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Getur sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.

Sköpun og miðlun

- Getur tekið ljósmyndir og stutt myndskreið.
- Getur nýtt tæki og hugbúnað við myndsköpun.

- Getur nýtt hugbúnað í einfalda hljóðvinnslu.

Lausnaleit

- Getur þekkt ýmsan hugbúnað og tæki og nýtt þau til að leysa einfaldar þrautir.

Bekkjarnámskrá
Tónmennt – 4. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Rasa Vareikiene

Tíma fjöldi: 1 tími á viku

Markmið

Að gera sér grein fyrir áhrifum hljóðs og þagnar. Að þekkja og nota áherlsumerki. Að þekkja öndunarmerki og hendingar. Að vinna með nótur og laglínustefnu. Að þekkja tákn tónfræðinnar. Að þekkja tákn og áhrif styrkleikamerkja. Að þekkja andstæðurnar hratt og hægt. Að þekkja mun á barnakór, kvennakór, karlakór og blönduðum kór. Að þjálfar tóneyra og sjálfstæði í söng. Að sameina söng hreyfingu. Að þekkja muninn á talsöng og söng. Að nemendur öðlist leikni í notkun slagverkshljóðfæra með hlustun, samvinnu og spuna. Að þjálfar nemendur til að fylgja fyrirmælum og stjórnanda. Að þjálfar púls og hrynn. Að þjálfar áslátt, spilataekni og samspil á tré, málms og klukkuspil. Að dansa við tónlist. Getur tengt tónlist við líkamann sinn.

Námsefni

Ásláttarhljóðfæri, hlustunarefni og ýmislegt lagt til af kennara, bók, "Tónlist og tíminn".

Kennsluhættir

Innlögn kennara, einstaklingsvinna, para- og hópavinna.

Námsmat

Verkefni og virknimat.

Hæfniviðmið – námsþættir

Söngur og hljóðfæraleikur

- Getur beitt rödd sinni og tekið þátt í söng.

- Getur leikið þrástef og einfaldar laglínur á skólahljóðfæri eða annað hljóðfæri í samspili.
- Getur leikið einfaldan hryn á takthljóðfæri í samspili.

Sköpun og skráning

- Getur leikið einfaldan spuna á skólahljóðfæri.
- Getur notað tónlistarforrit til að semja stutt verk.
- Getur samið eigið verk og skráð með grafískri nótnaskrift.
- Getur samið, einn eða í hópi, stutt hljóðverk.

Hlustun og greining

- Getur myndað sér skoðun á tónlist sem hann heyrir.
- Getur greint ólíkar raddir og einföld stílbrigði í tónlist.
- Getur notað upptöku- eða tónlistarforrit til að taka upp hljóð og unnið með það á einfaldan hátt.

Bekkjarnámskrá Sjónlistir – 4. bekkur Skólaárið 2025-26



Kennari: Silvia Villaverde Björgvinsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku (hringekja)

Markmið

Sjónlistir eru í eðli sínu skapandi námsferli. Mikilvæg ferli þar sem nemendur finna innri rödd, mynda tengingar, og þróa leikni í ólíkum nálgunum, s.s. í teikningu, málun, mótun, grafiðtækni, klippiaðferð og skjámiðlum. Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list ásamt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýnninn skilning á heiminum. Í umræðum um sjónlistir skapast tækifæri til að þjálfra orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi. Alls staðar í umhverfi okkar er sjónrænt áreiti sem mikilvægt er fyrir nemendur að læra að lesa og greina. Í sjónlist er unnið með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að tjá það sem þeir horfa á , heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir snerta og skapa út frá reynslunni á personulegan hátt.

Námsefni

- Teikniblýantar, túss, tréliti, ýmis konar pappír, þekjultir, málning, vatnslitir og penslar, steinleir og glerunga, sírklar og reglustikur.
- „Myndmennt II „(Námshagnastofnun), „Íslensk Listasaga“, Listasafn Íslands, (Forlagið), „Listasaga, frá Hellalist til 1900“, Halldór Björn Runólfsson og Ingimar Waage (MMS), “Ég Sé með Teikningu”, Björg Eiríksdóttir (MMS) , “Kveikjur fyrir Skapandi Skólastar”, Vigdís Hlíf Sigurðardóttir (MMS),

- Annað efni tengd greinarinnar frá kennara.

Kennsluaðferðir

Innlögn kennara, sýnishorn, nemendur vinna sjálfstætt eða í hópum eftir fyrirætlum kennara.

Námsmat

Námsmat verður í formi símats þar sem ekki er aðeins gefið fyrir þau verkefni er nemandinn vinnur, heldur virkni nemandans í tímum; sjálfstæði, sköpun, vandvirkni og umgengni. Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

Hæfniviðmið – námsþættir

Sköpun

- Getur nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
- Getur skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni.
- Getur útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.

Greining og Úrvinnsla

- Getur útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.
- Getur fjallað um eigin verk og annarra.
- Getur greint á einfaldan hátt listaverk og myndmál í því.
- Getur þekkt hugtök og heiti sem tengjast frumþáttum og lögmálum myndlistar við vinnu verkefna hverju sinni.

Menning og Umhverfi

- Getur greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.
- Getur skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.

- Getur þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra listamanna, lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og þær aðferðir sem beitt var við sköpun verksins.

Bekkjarnámskrá Textílmennt – 4. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Ásta Guðný Ragnarsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku í 16-17 skipti

Markmið

Markmið að samhæfa hug og hönd nemenda, temja nemendum rétt vinnubrögð, rétta og örugga notkun áhalda. Áhersla lögð á frjálslega og skapandi vinnu, ásamt þjálfun fínhræfinga, vandvirkni og sjálfstæði. Nemendur læra að þrjóna, slétt og brugðið, klippa efni, nota títuprjóna, nálar, skæri og sauma í saumavél.

Námsefni

Námsefni og sýnikennsla hjá kennara, garn, þrjónar, skæri, lím, perlur, skraut, títuprjónar, nálar, efni, saumavél, tvinni og fleira.

Kennsluaðferðir

- Verkefni
- Innlögn / sýnikennsla kennara
- Einstaklingsvinna
- Para- og hópavinna

Námsmat

Verkefni nemenda eru lögð til grundvallar við námsmat, ásamt áhuga, sjálfstæði, verklagni, hegðun og vinnusemi nemenda í tímum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Verklag

- Getur notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.

- Getur unnið úr nokkrum gerðum textílefna.
- Getur unnið eftir einföldum leiðbeiningum.
- Getur beitt líkamanum rétt við vinnu sína.

Sköpun, hönnun og tækni

- Getur tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.
- Getur skreytt textílvinnu á einfaldan og skapandi hátt.
- Getur notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.
- Getur nýtt ýmsa miðla til að afla einfaldra hugmynda.

Menning og umhverfi

- Getur fjallað um íslenskt hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.
- Getur gert grein fyrir nokkrum tegundum textílefna.
- Getur notað endurunnin efni í textílvinnu.
- Getur greint nokkur einkenni íslensks handverks í textílvinnu.

Bekkjarnámskrá Heimilisfræði – 4. bekkur
Skólaárið 2025-2026



Kennari: Björk Sverrisdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendi geti farið eftir einföldum uppskriftum og með aðstoð, útbúið einfaldar máltíðir, þjálfist í notkun mælitækja s.s. mæliskeiða og desilítramáls og skammstafi þeirra. Geti farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti, þrif og uppþvotts. Geri sér grein fyrir helst hættum sem fylgja vinnu í elhúsi, æfi sig í notkun á beittum hnífum, nota eldavél og bakaraofn. Átti sig á hvaða matvæli flokkast sem grænmeti, hvað eru ávextir nöfn þeirra og tilgangi fæðuhringsins.

Námsefni

Heimilisfræði 4 og efni frá kennara

Kennsluaðferðir

Sýni, verkleg og bóklegkennsla.

Námsmat

Símat

Hæfniviðmið – námsþættir

Verklag

- Getur útbúið einfaldar og hollar máltíðir með aðstoð.
- Getur farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld og sinnt viðeigandi frágangi.
- Getur gert sér grein fyrir helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi

Lífshættir

- Getur tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.

- Getur valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.
- Getur farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
- Getur tjáð sig á einfaldan hátt um kostnað við máltíð eða nesti.

Menning og umhverfi

- Getur sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni.
- Getur skilið einfaldar umbúðamerkingar.
- Getur tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald.
- Getur gert sér grein fyrir mismunandi kolefnisspori matvæla.